



Námsvísir Úrvalshesta

1. Stig

Markmið: Nemandi getur gert ótamið tryppi reiðfært á feti í aðhaldi. Nemandi getur riðið fet og brokk í jafnvægi á tömdum hesti. Nemandi getur hringteymt án tauma. Nemandi tekur þátt í hirðingu hrossa.

Lýsing: Nemandi lærir að nota rassreipi til að ná leiðtogasambandi yfir ótömdu tryppi og kenna því að teymast. Hann lærir að leggja við og á tryppi og fara á og af baki. Hann lærir að gera tryppi reiðfært á feti í aðhaldi. Hann lærir að taka upp fætur á tryppi og undirbúa það fyrir járningu. Hann lærir að hringteyma hest án tauma til að þjálfra fet og brokk og auka þrek. Hann lærir og fær æfingu í að smala og reka hross. Nemandinn lærir að ríða fet og brokk á tömdum hesti. Í reiðmennskunni er lögð áhersla á að þjálfra ásetu og taumhald, og knapinn öðlast færni í að stíga brokk, skipta á skástæðum, og ríða hestinum almennt í jafnvægi og af mýkt. Hann lærir að meta holdafar hrossa og einkenni heilbrigðs hests. Hann tekur þátt í hirðingu hrossa.

2. Stig

Markmið: Nemandi getur riðið tamningatryppi á grunnangtegundum. Nemandi getur riðið tömdum hrossum á grunnangtegundum og byrjað að móta yfirlínu. Nemandi getur hringteymt með einum taum. Nemandi hefur viðamikla þekkingu á daglegri umhirðu, heilbrigði og eftirliti hrossa.

Lýsing: Nemandi útvíkkar færni sína í tamningum í að geta riðið tryppum úti á víðavangi á öllum grunnangtegundum. Í reiðmennsku á tömdum hesti lærir nemandinn auk þess að ríða grunnangtegundir á hlutlausan hátt, að ríða við taumsamband og móta yfirlínu, m.a. með notkun framfótarsnúnings og krossgangs. Hann lærir um lífeðlisfræði meltingar og helstu hrossasjúkdóma. Hann sér um hirðingu hrossa. Hann lærir að meta ástand járningar út frá fótstöðu, hófstærð og staðsetningu skeifu.



3. Stig

Markmið: Nemandi getur riðið tölt og notað liðkandi æfingar til að bæta gangtegundir hestsins. Nemandi getur dregið undan og klippt hófa. Nemandi getur reiknað út fóðurþarfir.

Lýsing: Nemandinn lærir að ríða tölt og þekkja einkenni þess. Nemandinn lærir að tileinka sér liðkandi fimmiæfingar til að bæta grunnangtegundir hestsins auk tölts. Hann lærir að draga undan og klippa hófa. Hann lærir að reikna út fóðurþarfir hrossa og gera fóðuréttanir.

4. Stig

Markmið: Nemandi getur riðið fjórar gangtegundir í réttri líkamsbeitingu á mismunandi hraða. Nemandi getur notað safnandi æfingar við þjálfun hests. Nemandi getur hringteymt hest á feti og brokki með einum og tveimur taumum.

Lýsing: Nemandi lærir að ríða hraðabreytingar á feti, brokki, tölti og stökki þar sem áhersla er lögð á rétta líkamsbeitingu og að stytta og lengja skref hestsins. Hann lærir að nota safnandi fimmiæfingar við þjálfun gangtegunda og mótun yfirlínu. Hann lærir að hringteyma hest á feti og brokki með einum og tveimur taumum.

5. Stig

Markmið: Nemandi getur riðið skeið.

Lýsing: Nemandinn lærir að ríða skeið og þekkja öll einkenni þess. Nemandinn lærir að undirbúa hest fyrir skeiðþjálfun og framkvæma skeiðþjálfun. Nemandinn lærir að taka niður á skeið, ríða skeið og hægja niður af skeiði.



6. Stig

Markmið: Nemandinn öðlast reynslu í keppni og nær ákveðnum lágmarksárangri í keppni í hestaíþróttum.

Lýsing: Nemandinn lærir helstu lög og reglur um keppni í hestaíþróttum hjá íslenskum hestum. Til að ná þessu síðasta stigi í reiðmennsku þarf nemandinn að ná eftirfarandi lágmarksárangri í löglegum keppnisgreinum. Val er um 4 af eftirfarandi 7 greinum (þar af er skylda að velja eina töltgrein og fimmgang):

Tölt T1 eða T3: 5,2

Tölt T2 eða T4: 5,2

Fjörgangur V1 eða V2: 5,0

Fimmgangur F1 eða F2: 5,0

Gæðingaskeið PP1 eða PP2: 5,0

A – flokkur: 8,0

B – flokkur: 8,0

7. Stig

Markmið: Nemandinn kunnir skil á æxlunarfræði hrossa, litaerfðum og kynbótamati.

Lýsing: Farið er ítarlega í umönnun fylfullra hryssa og folalda við og eftir fæðingu. Gangferill hryssu er skoðaður og nemendur fá verklega æfingu í að þekkja hegðun hryssu í látum og að halda hryssu undir stóðhest. Kynbótamarkmið íslenska hestsins og kynbótamatið er kynnt og verklegar æfingar eru í að meta unghross fyrir byggingu, hreyfingar og skapgerð. Fullorðin hross eru fulldæmd fyrir byggingu og hæfileika.

Að námi loknu.

Markmið: Nemandi geti frumtamið hest, þjálfað og sýnt allar gangtegundir. Nemandi hafi öðlast keppnisreynslu og náð árangri í keppni. Nemandi kann að hirða hross að öllu leyti og hefur öðlast reynslu og þekkingu á æxlunarfræði.